

# Samfélagssjóður Fljótsdals

## Úthlutunarreglur

1. Samkvæmt 3. gr. skipulagsskrár fyrir Samfélagssjóð Fljótsdals er markmið og tilgangur sjóðsins er að styrkja fjárhagslega verkefni á sviði atvinnu, nýsköpunar, umhverfis, velferðar og menningar sem stuðli að jákvæðri samfélagsþróun og/eða eflingu atvinnulífs í Fljótsdal á Fljótsdalshéraði (landsvæði innan núverandi sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps).
2. Stjórn sjóðsins ákveður áherslur við styrkúthlutun og skulu þær koma fram í auglýsingum og/eða kynningu á styrkumsóknum hverju sinni. Stjórn sjóðsins getur jafnframt ákveðið áhersluverkefni án auglýsingar.
3. Stjórn sjóðsins ákveður umsóknarfrest og heildarfjárhæð sem er til úthlutunar á hverjum tíma, en ber þó að gæta að óskerðanlegu stofnfé sjóðsins sbr. 10. gr. skipulagsskrár.
4. Umsækjendur geta verið lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir, og sveitarfélög.
5. Umsókn skal skilað með rafrænum hætti eftir því sem tiltekið er í auglýsingu. Með umsókn skal fylgja greinargóð lýsing á verkefni, tímaáætlun, kostnaðar- og tekjuáætlun, ásamt upplýsingum um aðstandendur verkefnis. Miða skal við að verkefnum sé lokið innan 12 mánaða frá úthlutun.
6. Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis eftir því sem við á.
7. Stjórn sjóðsins ákveður úthlutun til einstakra verkefna og hvernig þau greiðast til styrkþega.
8. Samfélagssjóður Fljótsdals og styrkþegi gera með sér sérstaklegan samning sem m.a. kveður á um gagnkvæmar skyldur, fyrirkomulag greiðslu, lokaskýrslu og eftirfylgni.
9. Stjórn er heimilt að setja sér nánari vinnureglur til hliðsjónar við umsóknarferli og mat á umsóknum.

*Þannig samþykkt á fundi stjórnar*

*Samfélagssjóðs Fljótsdals 9. desember 2024.*